

7. árgangur

2. tölublað

apríl 1970

FRÁ FORMANNI:

Góðir félagar.

Mikil eftirvænting hefur ríkt hjá mörgum okkar undarfarnar vikur, þar sem von var á nýjum reglum, fyrir radioamatöra, frá póst og símamálastjórn. 22. apríl fengum við svo í hendur nokkur ljósrituð eintök af nýju reglunum og þar sem þær ganga í gildi hinn 1. maí 1970, biðum við ekki boðanna með að tilkynna félagsmönnum helztu breytingarnar. Hinsvegar munu reglurnar í heild verða prentaðar svo sem áður hefur tíðkast og verða þær þá sendar út.

Stjórn Í.R.A. endurskoðaði eldri reglurnar rækilega og lagði breytingartillögur fyrir póst-og símamálastjórn. Hefur mikið tillit verið tekið til vilja okkar og erum við mjög þakklátir póst-og símamálastjórn fyrir aukinn skilning og vinsemi við málefni okkar.

Helztu breytingar eru þessar:

Öll samskipti póst-og símamálastjórnar við radioamatöra fara fram gegnum Í.R.A. (félagið "Íslenskir radioamatörar"). Nýmæli í reglunum er svokallað nýliðaleyfi, Umsækjandi skal vera fullra 14 ára.

Nýliðaleyfi: (skv.3. gr.) Leyfi til að setja saman og setja upp til eigin afnota radioviðtæki og senditæki og loftnet til Morseviðskipta við aðra radioáhugamenn.

Hámarksspenna má vera allt að 32 volt. Þá skal niðurfærsla spennu úr 220 V í 32 volta jafnstraumsspennu vera gjörð á löggiltan hátt skv. reglum Rafmagnseftirlits ríkisins.

CQ TF DE IRA: Útgefandi "Íslenskir Radioamatörar"
Vesturgötu 68 R., Box 1058, Reykjavík
Ritstjóri og ábm: Birgir Baldursson, TF3BB

Mögnun merkis í tækjunum skal einungis framkvæmd með transistorum. Hámarks rakstraumsorka síðasta, mögnunarstigs skal vera 5 wött, A1 útgeislun. Sendirinn skal vera krystalstýrður.

Leyfistími skal vera 2 á.r, hið mesta, og leyfið óendurnýjanlegt.

Leyfishafa er heimilt að þreyta A-próf hvenær sem er á framangreindu tímabili, þó ekki fyrr en að 3 mánuðum liðnum frá nýliðaprófi, og að öðru, leyti í samræmi við 4. gr.

Próf þetta er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis.

Félagssamtök íslenskra radió-áhugamanna skulu hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á raddóáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart póst-og símamálastjórninni.

Aldurstakmark til að fá A leyfi var fært úr 17 ára í 16 ára.

Ekki er lengur krafizt að radioamatörar séu skráðir útvarps-notendur né að þeir séu félagar í I.R.A.

B-leyfi: Hámarks rakstraumsorka síðasta mögnunarstigs er hækkað úr 150 W í 200 W. Eftir að hafa starfrækt amatörstöð skv. B.-leyfi í 6 mánuði A1 útgeislun, fær viðkomandi að nota A3 og A3a útgeislun.

Prófkröfur:

Nýliðapróf:

a. Helztu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti.

b. Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helztu Q-skammstafanir og lámærkspekking í radiófræði.

Tíðnisvið:

Nýliðar fá að nota sviðið 3500 - 3550 krið/sek og 21000 - 21150 krið/sek. A1.

B- og C- leyfishafar fá að nota sviðið 3700 -3800 krið/sek

A1, A3 og (hér kemur síðan eitthvað ólæsilegt) 3775 - 3800 krið/sek A3 og A3a) . C-leyfishafar fá að nota sviðið 430-440 Mrið/sek. A1, A2, A3, A3a, F1, 6oF3, sömuleiðis sviðið 1215 - 1300 Mrið/sek, A1, A2, A3, A3a, F1, 6oF3.

Leifð hámarks hátidnitoppafl til loftnets (PEP A3a) hjá B og C leyfishöfum er 500 w.

Gagnkvæm skipti amatöraleyfa reciprocal liscense) er nýmæli í íslensku amatörreglunum og birtist því hér 14. grein þeirra orðrétt.

14 gr.

Póst-og símamálastjórnin getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, til erlendra ríkisborgara, enda sé um gagnkvæm skipti að ræða við það ríki, er viðkomandi er borgari í.

Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsókn skal vera skrifleg og sendist samtökum íslenskra radióamatöra, sem síðan sendir hana ásamt umsögn samtakanna og öðrum skilríkjum til póst- og símamálastjórnarinnar og skal umsóknin vera í höndum póst- og símamálastjórnarinnar eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
- b. Umsækjandi skal hafa gildandi áhugamannaleyfisbréf frá heimalandi sínu, og skal það, eða greinilegt afrit þess fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann er hann hyggst nota hér endis.
- c. leyfi verður ekki veitt vegna skemmri dvalar í landinu en 11/2 mán.
- d. Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefir heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
- e. Leyfishafi skal nota kallmerki það er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki, t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- f. Að öðru leiti en tekið er fram hér að framan (14. gr.) er leyfis hafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

Einnig er rétt að birta orðrétt síðustu grein reglanna þar sem hún kveður á um gildistöku nýju reglanna og ónýtingu eldri reglna.

18.gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1970. Frá sama tíma falla úr gildi "reglur um radióleyfiáhugamanna" frá 1. janúar 1966, svo og "sérreglur" frá 29. nóvember 1963.

Nokkur ljósrituð eintök af reglunum í heild munu liggja frammi í félagsheimili I.R.A. , Vesturgötu 68, Reykjavík, og geta þeir sem vilja lesið þær þar, áður en við fáum þær í hendur prentaðar. Félagsheimilið er opið öll fimmtudagskvöld frá kl. 2030 GMT.

Garðar Gíslason, formaður,
TF 3 IC.

I A R U Fréttir.

Í ársyfirliti frá International amateur radio union er sagt, að árið 1969 hafi einkennzt af grósku, þrjú ný amateur félag bættust við í sambandið þ. e. Vestur-Samoa, Ungverjaland, Trinidad og Tobago og eru þá alls 83 félag í IARU.

Á árinu hafa 57 félag innan sambandsins gefið út í samráði við aðalstöðvar IARU alls 1993 "Worked All Continents Awards", og væri sannarlega æskilegt að I.R.A. færi bjóða félögum sínum þjónustu á þessu sviði.

Á árinu var Thailand tekið af bannlista ITU, og er nú heimilt að hafa samband við það.


Nú þegar Australíu-Óskar 5 hefur verið hvað mest í sviðsljósinu, er rétt að minnast á, að fleiri gervihnettir frá amatörum eru í undirbúningi, Á vegum IARU Region 1 er í undirbúningi "repeater" gervihnöttur "Euro-Oskar", en hann er byggður af DJ4ZC, og er nú í reynslu hjá "AMSAT" þ. e. Radio Amateur Satellite Corporation í Washington. Þá er í undirbúningi, en mikið skemmra á veg komið amateur gervihnöttur frá Wireless Institute of Australia, einnig repeater, en þeir áætla að nota 144 MHz bandið frá jörðu til hnattarins en 432 MHz frá hnettinum og til jarðar og hugsa sér að nota sólarorku til að drífa tækin.

Að lokum áformar "AMSAT" tvær tilraunir sem þeir vonast til að geta framkvæmt í sambandi við gervihnetti sem skotið verður á loft 1973 á vegum NASA, en þá verður reynt endur-varp frá gervi hnetti, þar sem repeater tekur við signali á 144 - 146 MHz, en sendir frá sér á 420 - 450 MHz bandinu, einnig verður ,reynt endur varp á amateur sjónvarpi, þar sem hnötturinn tæki við á 1215 MHz bandinu en sendi á 420 MHz bandinu.

Framtíðardraumar "AMAST" á þessu sviði, eru að gervihnettir verði notaðir um allan heim á sama hátt og HF böndin eru notuð og líður þá ekki á löngu þar til Íslenskir radíóamatörar fara að hylja alla veggir í "shackinum" með "Awards" hi.hi.

Samband I.R.A. við IARU hefur styrkst mjög á síðasta ári, og er nú svo komið að '3JJ ritaranum okkar eru farin að berast þakkarbréf frá aðalstöðvum fyrir fljót og skilgreinileg svör við bréfum þeirra. Fleiri IARU fréttir eru ekki að sinni.

Tóngjafi.



Teikningin er af tóngjafa, sem t. d. er hægt að nota við morse æfingar .

Þegar spennugjafi er tengdur við tóngjafann, hleðst þéttirinn upp gegnum hátalarann og mótstöðuna. Sú plata þéttisins, sem tengt er í base Q_1 , verður pösítíf. Pösítíf spenna á base Q_1 eykur leiðni hans og gerir base Q_2 nekatífari. Með nekatífa spennu á base leiðir Q_2 . Það veldur því að straumpúls fer gegnum hátalarann, sem gefur frá sér hljóð. Rafagnirnar, sem fara inn á, emíttar á Q_1 , fara flestar til kollektorsins, en nokkur hluti þeirra fer út um base til þéttisins og veldur því að hleðslan á honum minnkar. Það hefur í för með sér að Q_1 og Q_2 hætta að leiða, en þá hleðst þéttirinn upp aftur, eins og að framan er lýst. - Tíðni tóngjafans hækkar með minnkandi rýmd þéttisins. Ef notaður er elektrolytþéttir, til þess að fá lága tíðni, á púlshlið hans að tengjast í base á Q_1 .

- Efni : Q_1 transistor, AC172
 Q_2 transistor, AC126
 R mótstaða, 100 kohm
 C þéttir, 47 nFH
 hátalari, 3 ohm.

Einar Símonarson.

CONTEST FRÉTTIR.

JAPAN.

Okinawa gefur út viðurkenningu til amatöra og hlustara, sem hafa haft 5 eða 6 sambönd við KR6/8, nauðsynlegt er að senda staðfest afrit af dagbók annaðhvort staðfest af I.R.A. eða tveimur leyfishöfum.

VENEZUELA.

Radio Club Venazuela stofnar til keppni til að minna á 159 þjóðhátíð Venezuela. Keppnin byrjar 0000 GMT laugardaginn 4. júlí Og endar 2400 GMT sunnudaginn 5. júlí 1970.

Notað verður "CQ Venezuela contest" til að auðkenna. Þær stöðvar sem þátt taka. Keppnin fer fram á 80,40,20,15 og 10 metraböndum á Fón AM/SSB keppnisreglur er hægt að fá hjá I. R. A.

ENGLAND.

Á NOTTINGHAM Festival sem verður dagana 11-26 júlí verður starfrækt stöðin GB 3 FON, stöðin mun verða starfrækt á 80,40,20, 15 og 10 metrum og hafa þeir þarna í Nottigham látið útbúa smekklegt QSL kort með "Hátíðarmerkinu sem er mynd af styttu Hróa Hattar en eins og kunnugt er þá segir sagan að hann hafi búið í Nottinghamssýslu í Skíriskógi. Á hátíð þessari munu ýmis brezk fyrirtæki, sem framleiða fjarskiptatæki fyrir amatöra sýna framleiðslu sína.

DX-FRÉTT:

TF 3 SG mun hafa haft samband við JY I 25/4 1970 á 20M SSB en JY I er Hussein Jórdaníu konungur ekki fylgdi sögunni hvort stöðin var mönnuð af kóngsa sjálfum eða hvort hirðsveinn hans var við mækinn.

ITALÍA.

Síma-og fjarskiptaráðuneyti Ítalíu tilkynnir að árlega sé veitt Gullorða og Diploma til minningar um Kristofer Columbus til tveggja amatöra. sem hafa skarað fram úr í hjálparstarfi t. d. vegna Almannaavarna, svo og á tæknisviðinu. Ábendingar um amatöra, hafa til að hlotnast þennan heiður, skal senda IXC Secretariat, 18 Viale Brigade Partigiane, 16129 Genoa, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum

(e.s. Hvernig væri að uppfæra Leifs þátt hins heppna Eiríkssonar).

73

TF 3 BB

Afmælisfrétt.

TF 3SG á 20 ára amatör afmæli um þessar mundir. Hann mun hafa fengið sitt fyrsta leyfi í apríl 1950. Sveinn hefur gengt mörgum ábyrgðarstöðum innan I.R.A. og meðal annars gengt formannsstöðu um margra ára skeið.

I.R.A. óskar TF 3 SG til hamingju.

73 es gud luk TF 3 SG

de

TF 3 IRA

Félagsfundur I.R.A. verður haldinn að Snorrabúð, Hótel Loftleiðum
sunnudaginn 10 maí kl. 1500 GMT

Fundarefni : Sumarstarfið

Mætið allir

STJÓRNIN

I T U C O N T E S T - F J A R S K I P T A D A G U R I N N

Dagana 16. og 17. Maí - um Hvítasunnuna - verður samkeppni um allan heim, en póst og símamálaráðuneyti Brazílíu sér um skipulag að þessu sinni samkvæmt tilkynningu, sem barst a.m.k. TF3SG frá ráðherranum, en hann er PY2-Old Boy.

Þetta virðist tiltölulega hagstæð keppni, hvað tíma snertir, því að hún stendur aðeins einn dag cw og einn dag tal með 6 klst hvíld hvorn sólarhringinn.

Menn skulu ná í sem flesta á sem flestum bylgjulengdum og í sem flestum svæðum ITU, en þau eru u.þ.b. 70 talsins. Þetta er gott tækifæri til að ná í ný lönd ef þátttaka verður góð. Aðeins einstaklingar keppa- ekki klúbbstöðvar. Ef til vill er réttara að tala við Landssíma Íslands, áður en menn fara að slá út alla aðra í heiminum, því skipulagið er þannig, að póstur og sími heimalands þess, sem vinnur mun sjá um framkvæmdina næsta ár. Bikar er til verðlauna.

Nánari upplýsingar getur undir. veitt, ef hann finnur kortið, sem allt er skrifað á.

73 de TF3SG

**Félagsheimilið að Vesturgötu 68 er opið
á fimmtudagskvöldum frá 2030 GMT**

Stórsigur á V H F

Á sumardaginn fyrsta, þe. 23 apríl 1970 hafði TF3EA samband á 2 metrum við G3CCH, sambandið náðist á Meteor scatter.

Nánari tildrög eru þau að Einar hefur nú um sex mánaða skeið, gert tilraunir með samband við England, og reyndar önnur lönd líka, á meteor scatter á 2 metra bandinu, og höfðu tilraunirnar lofað góðu, þar sem merki Einars höfðu heyrst vel öðru hvoru, meðal annarra hafði F9FT sem staðsettur er í Reims í Frakklandi heyrt þau, en það er talin vera um það bil mesta vegalengd sem hægt er að hafa samband á 2 metrum (ca 2000 km).

Merki frá Einari heyrðist fyrst í Englandi á Páskadag, en eins og fyrr segir, þá tókst fyrsta sambandið á Sumardaginn fyrsta. Samböndin eru höfð á CW og er sendingin mjög hröð, þar sem tíminn sem opnunin á sér stað er mjög stuttur hvert sinn. Mikill undirbúningur og mikil vinna er að baki þessu fyrsta sambandi, og kvaðst Einar vona að þetta yrði öðrum hvatning til þess að reyna, ÞVÍ ÞETTA ER HÆGT.

Einar sagði líka að þetta væri mjög spennandi, svo spennandi að það gæfi ekki eftir því, þegar laxveiðimaður fengi þann stóra. Hi hi, Einar er nú komin með 20 elementa beam á 2 metrum, og nú fara annir í hönd hjá honum því margir hafa beðið hann að reyna að hafa samband við sig, þar á meðal eru: OZ,F,DL,SP,UR,OE og fleiri svo nokkuð sé nefnt. Við notum tækifærið til að óska Einari til hamingju með unnin sigur, og góðs gengis á 2 metrum í framtíðinni.

Sjáumst allir á 2 metrum

73 '3ES

Radioamatörpróf.

Nú fara senn að hefjast próf fyrir verðandi raioamatöra og eru síðustu forvöð fyrir menn að láta heyra frá sér ef þeir óska eftir að ganga undir próf.

Vinsamlegast hafið samband við stjórnina á fimmtudagskvöldum í félagsheimilinu.

Stjórnin.